

## Tilkynnir Skúla aftur til saksóknara

Skiptastjóri EK1923 ehf. telur að eigandi og fyrirsvarsmenn Sjöstjórnunnar ehf. hafi gerst brotlegir í störfum sínum fyrir félagið. Hann hefur sent tilkynningu til héraðssaksóknara um þann grun sinn.

**DÓMSMÁL** Sveinn Andri Sveinsson, skiptastjóri EK1923 ehf. (EK), hefur tilkynnt Skúla Gunnar Sigfússon, yfirleitt kenndan við Subway, eiganda Sjöstjórnunnar ehf., og Guðmund Hjaltason, framkvæmdastjóra þess félags, til embættis Héraðssaksóknara. Endurskoðandi félagsins og lögmaður þess í málum er varða þrotabúi EK eru einnig tilkynntir til embættisins. Ástæðan er grunur skiptastjóra um að þeir hafi gerst sekir um skilasvik og fjádrátt eða umboðssvik í störfum sínum fyrir félagið. Þá telur skiptastjóri tilefni til að kanna aðkomu KPMG og Landsbankans að málinu.

Í tilkynningunni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, eru hin tilkynntu atvik útlístuð. Þau varða meðal annars sölur á fasteignum Sjöstjórnunnar til annarra félaga í eigu Skúla á verði sem er langt undir markaðsvirði eignanna. Þá er þess einnig getið að eigendur Sjöstjórnunnar hafi reynt að færa tver fasteignir yfir í önnur félög en þær höfðu verið kyrrsettar af embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í júlí 2017.

Í greinargerð sem fylgir tilkynningunni er Sjöstjórnunni lýst sem „eignalausri skel“. Samkvæmt ársreikningi félagsins 2016 átti félagið tæplega 1,2 milljarða í eigin fé en á ársreikningi 2017 var sama tala neikvæð um 25 milljónir. Í tilkynningunni er það rakið til þess að árið 2017 voru 350 milljónir greiddar eigendum í arð. Þá hafi félaginu að auki verið skipt upp og eignum þess komið fyrir í tveimur öðrum félögum. Sjöstjarnan sé því „fullkomlega eignalaus og ógjaldfært félag þannig að hvorki þrotabúið [EK] né aðrir kröfuhafar [þess] geti leitað fullnustu í aðfararhæfum andlögum.“



Skúli Gunnar Sigfússon, kenndur við Subway.

» Í greinargerð sem fylgir tilkynningunni er Sjöstjórnunni lýst sem „eignalausri skel“.

Þá veur skiptastjóri einnig athygli saksóknara á þeim grun sínum að fyrrnefndur Skúli og Guðmundur, auk lögmanns Sjöstjórnunnar, hafi lagt fram efnislega röng sönnunargögn og/eða haldið réttum sönnunargögnum og upplýsingum frá dómi í staðfestingarmáli vegna fyrrgreindrar kyrrsetningar. Það eiga þeir annars vegar að hafa gert með því að leggja fram yfirlit yfir fasteignir Sjöstjórnunnar og verðmat á þeim sem sýni að eignirnar dugi til að fullnusta kröfu EK og hins vegar með því að leyna því að eignirnar séu ekki lengur í eigu Sjöstjórnunnar.

Skiptastjórinn Sveinn Andri Sveinsson vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því. Þetta er í annað sinn sem hann tilkynnir Skúla og Guðmund til héraðssaksóknara vegna gjörninga sem tengjast máli EK gegn Sjöstjórnunni. Skúli hefur sjálfur gert slíkt hið sama en hann taldi Svein hafa staðið í þvingunum og hafa borið á sig rangar sakargiftir. Angi þess máls endaði fyrir úrskurðarnefnd Lögmannafélagsins. Þar var fundið að því að Sveinn hefði sent afrit af fyrri kærunni til fjölmiðla. –joe



149. þing verður sett á Alþingi í dag. Í gær kynnti stjórnin áætlun í loftslagsmálum. Stjórnarmálemenn framtíðarinnar fylgdust með í gegnum glugga á Austurbæjarskóla þegar forsætisráðherra kynnti málið. FRÉTTABLAÐIÐ/EY/ÞÓR

## Segir starfshætti UST vítaverða

**SKOÐUN** Bubbi Morthens skýtur föstum skotum á Umhverfisstofnun (UST) í aðsendri grein í blaðinu í dag. Þar heldur hann því fram að laxeldisfyrirtækið Armarlax þurfi ekki að fara að lögum og visar í kvartanir sem borist hafa stofnuninni vegna starfsemi laxeldisfyrirtækisins undanfarið. „Þetta er algjörlega óþöðleg stjórnsýsla og vítaverðir starfshættir sem skaða íslenska náttúru,“ segir Bubbi.



Bubbi Morthens.

## Verjast fregna af gengi útboðs

**VIÐSKIPTI** Engar upplýsingar fást um gengi skuldabréfaútboðs WOW air þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Í viðtali Bloomberg við Skúla Mogensen, forstjóra félagsins, var haft eftir honum að 50 milljóna dollara markinu, andvirði um 5,5 milljarða króna, yrði náð öðrum hvorum megin við helgina sem var að líða.

„Ég get bara ekki tjáð mig neitt. Við munum senda út upplýsingar þegar það er tímabært,“ segir Ragnhildur Geirsdóttir, aðstoðarforstjóri WOW. Hvorki Skúli né upplýsingafultrúinn Svanhvit Friðriksdóttir svöruðu þegar Fréttablaðið reyndi að ná af þeim tali. –joe



ER KOMINN TÍMI Á NÝJA ÞVOTTAVÉL?

Sjáðu allt úrvalið á elko.is



Dale Carnegie



Sjálfskraust og samskiptasnílli

Ókeypis kynningartími  
12. september kl. 20.00

Ármúla 11, 3. hæð  
Skráning á dale.is/einstaklingar eða í síma 555 7080

## Veður



Vestlæg átt og hvasstast allra syðst. Súld eða rigning með köflum austan til á landinu, en annars víða skúr, einkum síðdegis. Hiti 6 til 13 stig. **SJÁ SÍÐU 16**

## Lof mér að falla aðsóknarmest

**SAMFÉLAG** Kvikmyndin Lof mér að falla eftir Baldvín Z er í efsta sæti aðsóknarlista kvikmyndahúsa eftir helgina með vel yfir 8 þúsund gesti. 6.467 gestir sáu myndina um helgina, en 8.229 sé aðsókn að for-sýningum talin með. Síðasta mynd Baldvins, Vonarstræti, trekktti að 7.671 gest fyrstu helgina í sýningu.

Af öðrum íslenskum myndum á listanum má nefna að 17.543 hafa séð Kona fer í stríð eftir Benedikt Erlingsson eftir 16 vikur í sýningu, 4.635 hafa séð Svaninn, eftir Ásu Helgu Hjörleifs-dóttur eftir 36 vikur í sýningu og 6.855 hafa séð Andíð eðlilega eftir Isold Uggadóttur eftir 27 vikur í sýningu. – ósk



Baldvín Z leikstóri.

## Mikill fjöldi nema notar lyf fyrir próf

**LYFJAMÁL** Um fimmtungur íslenskra háskólanema hefur notað lyfseðils-skyld lyf sem stíluð eru á annan. Stærstur hluti þeirra segist hafa notað slík lyf til að bæta námsárangur eða í aðdraganda prófa.

Þetta er meðal þess sem lesa má úr niðurstöðum könnunar sem Lyfjastofnun gerði. Langflestir, eða um fjórtutíu prósent, útveguðu sér lyfin frá foreldrum sínum. Um einn af hverjum sjö fékk þau hjá skólafélaga og álika stór hópur útvegaði slík lyf í gegnum söluaðila sem var þeim ókunnugur.

Ríflega þrjú af hverjum fjórum höfðu heyrt að lyfseðilsskyld lyf væru notuð til að bæta námsárangur. Um tuttugu prósent höfðu notað slík lyf til að njóta hugbreytandi áhrifa þeirra við skemmtanahald. –jóe

## Upplitsdjarfir undir pressu



Landsliðsþjálfari karla, Erik Hamrén, og aðstoðarmaður hans, Freyr Alexandersson, voru léttir, ljúfir og kátir á æfingu liðsins í gær þrátt fyrir 6-0 skell gegn Sviss ytra. Liðið tekur á móti bronsliði Belga frá HM á Laugardalsvelli í kvöld en leikurinn er liður í hinnu nýju Þjóðadeild UEFA. Ljóst er að liðið þarf að gyrða sig í brók en tapist leikurinn verður róðurinn þungur og stutt í fall í B-deild keppinnar. Sjá síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR



Lögreglan telur piparúða geta komist í rangar hendur. NORDICPHOTOS/AFP

## Vilja leyfa piparúða

**DANMÖRK** Dönsk stjórnvöld vilja að þegnarnir fái leyfi til að vopnað piparúða heima hjá sér þar sem það auki öryggistilfinningu. Ætlunin er að borgararnir geti beitt piparúðum gegn innbrotshjúfum til að verja sig. Samband lögreglumanna bendir á að piparúðinn geti komist í rangar hendur.

Samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að þeir sem eru ofsóttir af til dæmis fyrirverandi maka eða öðrum fái að hafa piparúða á sér úti á götu. – ibs

## Óvæntur hveraflaumur streymir í Kleifarvatn

Öflugur hvítur lækur sem streymir nú úr Austur-Engjahver í Kleifarvatn upp-götvaðist í gær. Jarðvísindamenn segja um að ræða merkilega breytingu sem hugsanlega eigi rætur í hárru grunnvatnsstöðu. Engin hætta er sögð á ferðum.

**JARÐFRÆÐI** „Þetta er stórmerki-legt,“ segir Páll Einarsson jarðfræði-þáttur um mikinn flaum sem tók skyndilega að streyma frá Austur-Engjahver og litar nú sunnanvert Kleifarvatn.

Haraldur Diego flugmaður sem flaug yfir svæðið í gærmorgun tók eftir breytingum suðvestur af Kleifarvatni þar sem hvítur flaumur streymdi niður að vatninu. Haraldur tók meðfylgjandi mynd.

„Þetta kemur svolítið á óvart,“ segir Páll sem skoðaði myndir Haraldar í gær. Breytingin sé greinileg. „Það er hugsanleg skýring að grunnvatnið standi mjög hátt ef úrkomusamt sumar og þess vegna renni meira úr hvernunum.“

Páll segir að vatn standi nú hærra í Kleifarvatni heldur en hafi verið mjög lengi. Vatnsborðið hafi lækkað um fjóra metra í jarðskjálftum árið 2000. Austur-Engjahver er austan við Krisuvík, um tvo og hálfan kílómetra frá Kleifarvatni.

„Það stendur hverataumur niður allan farveg lækjarins sem rennur úr honum og alveg út í syðsta flóann í vatninu. Þessi flói er búinn að vera á þurru í áratugi en er nú nýlega orðinn að flóa aftur. Vatnið stendur hærra en ég hef séð það síðan ég var ungur maður,“ segir Páll.

Aðspurður segir Páll enga sérstaka hættu vera á ferðum við Kleifarvatn. „Það er fylgst nokkuð vel með í Krisuvík. Það eru alls konar mælingar,“ segir hann.

Meðal þess sem fylgst er með er landhæð. Að sögn Halldórs Geirsonar hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands hefur land nú sigið á Kleifarvatnssvæðinu um tíu



Hvítur lækur streymir nú út í syðsta flóa Kleifarvatns. MYND: HARALDUR DIEGO

til tólf sentímetra frá árinu 2010. Á árunum þar á undan hafi land risið og þannig gangi þetta á víxl. Ekki sé vitað fyrir vísu hvort það sé jarðhita-kerfið sem valdi þessu eða hvort það tengist meira kvikferlum.

„Þetta er sennilega kísill sem er í þessu,“ segir Halldór um efnid í hvíta læknum frá Austur-Engjahver.

Kristín Jónsdóttir, höpsti Nattúruvörvöktunar hjá Veðurstofu Íslands leit á aðstoður við Kleifarvatn eftir ábendingu Fréttablaðsins í gær. „Þetta er eiginlega magnað. Þegar horft er á Kleifarvatn er það tvílit af vatninu úr þessum hvíta læk,“ segir hún.

Málið segir Kristín hægt að skoða í samhengi við nýlegar upplýsingar um breytingar á hverasvæði á

Þetta er eiginlega magnað. Þegar horft er á Kleifarvatn er það tvílit af vatninu úr þessum hvíta læk.

Kristín Jónsdóttir, höpsti Nattúruvörvöktunar hjá Veðurstofu Íslands

botni Kleifarvatns. „Við sjáum ekki breytingar á skjálftavirkni eða neitt slíkt en þurfum auðvitað að vera vakandi.“

Búast má við að jarðvísindamenn skoði betur á næstu dögum þá stöðu sem upp er komin við Kleifarvatn. [gar.frettabladid.is](http://gar.frettabladid.is)

Rubi kynning fyrir fagmenn  
11. og 12. september frá 13:00 til 17:00.

Sérfræðingur frá Rubi á staðnum



Finnu okkur á facebook





# Keyrir þú áfram hagvöxt?

## Efnahagsleg áhrif lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Íslandsbanki stendur fyrir opnum fundi um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem eru meginþorri fyrirtækja á Íslandi. Þau drifa áfram hagvöxt, skapa atvinnu fyrir fjölda fólks og eru mikilvæg þegar kemur að fjárfestingum og nýjungum. Fundurinn fer fram á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 12. september, kl. 16–18.

### Dagskrá:

- 16:00 Ávarp**  
*Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs Íslandsbanka*
- 16:10 Efnahagsleg áhrif lítilla og meðalstórra fyrirtækja**  
*Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics*
- 16:35 Skapandi hugsun (Design thinking)**  
*Þórey Vilhjálmsdóttir og Hlín Helga Guðlaugsdóttir, ráðgjafar hjá Capacent*
- 16:55 Pallborðsumræður**  
*Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri Íslandsbanka stýrir pallborðsumræðum þar sem taka þátt:*  
– Arnar Bjarni Eiríksson, eigandi Landstólpa ehf /Fjölskyldubúsins ehf  
– Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Gæludýr.is  
– Ólafur Nielsen, framkvæmdastjóri Kolibri

Í lok fundar verður boðið upp á léttar veitingar.

Skráning á fundinn fer fram á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)

# Tugir Íhaldsmanna sagðir tilbúnir að fara gegn Theresu May

**BRETLAND** Að minnsta kosti átta tugi þingmenn Íhaldsflokksins eru tilbúnir til þess að greiða atkvæði gegn frumvörpum ríkisstjórnar Íhaldsflokksins undir forsæti Theresu May um útgönguna úr Evrópusambandinu ef May lætur ekki af stefnu sinni um mjúka útgöngu í málaflokknum. Í mjúkri útgöngu felst áframhaldandi aðild að tollabandalaginu

og innri markaði ESB gegn ýmsum málamiðlunum.

Þessu hélt Steve Baker, fyrrverandi vararáðherra útgöngumála, fram í gær. Baker sagði af sér fyrr á árinu vegna andstöðu sinnar við stefnuna. Í síðustu viku lýsti Boris Johnson, sem hætti í utanríkisráðuneytinu af



sömu ástæðu, stefnu May sem sjálfsmorðsprengjuvesti um bresku stjórnarskrána.

Íhaldsflokkurinn heldur landsfund um mánaðamótin. Baker sagðist í gær óttast að útkoma fundarins verði sú að May ætli að ná sínu fram með aðstoð þingmanna

Verkamannaflokksins. „Þá held ég að samninganefnd ESB myndi sjá það vel að Íhaldsflokkurinn hefði klofnað í herðar niður.“

Íhaldsflokkurinn hefur 316 þingmenn á þinginu. 326 myndu teljast meirihluti en flokkurinn nýtur stuðnings norðuríriska DUP-flokksins og skrjóður þannig yfir þróskuldinn. Ef áttatiu Íhaldsmenn kysu gegn May er ljóst að hún þyrfti

að reiða sig á stjórnarandstöðuna.

Rúmt hálf ár er í útgöngudag, 29. mars. Þótt tiltölulega stuttur tími sé til stefnu er enn margt óljóst um hvernig útgöngu verður háttátt.

Enginn endanlegur samningur hefur verið gerður og í ljósi óánægjuinnar innan Íhaldsflokksins er ekki vist hvort May myndi ná slíkum samningi í gegnum þingið. – þea



Úr Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mölvæði hurð í Reykjavík

**DOMSMÁL** Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir húsbrot og eignaspjöll í Reykjavík. Maðurinn er búsettur erlendis og ekki íslenskur.

Atvikið sem ákært er fyrir átti sér stað aðfaranótt 2. september. Ákærða er gefið að sök að hafa farið inn um olæstar dyr í hús í óleyfi meðan íbúar voru sofandi. Þar lagðist hann í sofa. Þegar húsráðandi varð var við hann krafðist hann þess að maðurinn yfirgæfi húsið. Maðurinn tók því illa og reyndi að komast aftur inn en án árangurs. Kastaði hann þá óskubakka í útidyrnar með þeim afleiðingum að gler mölbrotnaði. Viðgerð kostaði rúmar 60 þúsund krónur.

Þess er krafist að maðurinn mæti í fyrirtöku málsins 9. október. Mæti hann eigi verður fjarvott hans metin til jafns við að hann viðurkenni brot það sem ákært er fyrir og verður þá lagður á það dómur að honum fjarstöddum. – jõe

## FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Efnahagslegur bónusvinningur

Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum var kynnt í gær. Meðal tillagna er að nýskráningar bensín- og dísilbíla verði bannaðar frá 2030. Fjármálaráðherra segir tímabært að horfa á efnahagslegan ávinning.

**UMHVERFISMÁL** „Þetta eru auðvitað miklar kerfisbreytingar sem um ræðir. Við erum að tala um að rafvæða samgöngur á tiltölulega stuttum tíma. Það þýðir að það þarf innviðauppyggingu þannig að venjulegt fólk geti tekið þátt í þessu með okkur.“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra um nýja aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum sem kynnt var í gær.

Áætlunin samanstendur af 34 tillögum að aðgerðum sem ætlað er að mæta skuldbindingum stjórnvalda gagnvart Parísarsamningnum. Markmiðið er að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent til ársins 2030 miðað við losunina 1990.

Skipta má tillögum í tvo meginhluta. Annars vegar þær sem snúa að orkuskiptum í samgöngum og hins vegar aðgerðir um átak í kolefnisbindingu en markmið stjórnvalda er kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

Lagt er til að nýskráning bensín- og dísilbíla verði bönnuð eftir 2030. Þá eru lagðar til ívilnanir til að flyta fyrir fjölgun umhverfisvænna bíla.

Katrín segir að í fyrsta skipti fylgi alvöru fjármunir í verkefni tengd loftslagsmálum en alls verður 6,8 milljörðum varið í áætlunina. „Við erum líka komin lengra í að útfæra aðgerðir sem við teljum að geti skilað að því markmiði sem við stefnum að. Eg skynja áhuga frá almenningi, sveitarfélögum og atvinnulífnum til þess að taka þátt í þessu.“

Þjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, segist stoltur af áætluninni sem sé vel fjármögnuð. „Mér finnst tímabært að við komum auga á þann efnahagslega ávinning sem fylgir því að samgöngur verði knúnar af orkugjöfum sem við Íslendingar búum yfir og eru sjálfbærir. Það eykur efnahagslegt sjálfstæði okkar og er eins og bónusvinningur í þessu heildarsamhengi hlutanna.“

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra gengu á kynningarfundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Siðferðisleg skylda gagnvart komandi kynslóðum

Logi Einarsson formaður Samfylkingarinnar segir að það sem hann hafi séð af aðgerðaáætluninni sé gott. „Það er ánægjulegt að við Íslendingar skulum ætla að taka þessa hluti fastari tökum. Við munum berjast með stjórnvöldum hverju sinni að öllum málum sem eru góð, nauðsynleg og skynsamleg.“

Hann segir þó að það eigi eftir að koma í ljós hvort um sé að

ræða raunverulega aukningu fjármuna til loftslagsmála eða hvort verið sé að endurnýta fjármagn úr ríkisfjármálaáætlun.

„Það er samt ekki spurning hvort við Íslendingar eigum að ráðast í aðgerðir, heldur erum við skuldbundin til þess. Bæði vegna alþjóðlegra skuldbindinga okkar og svo höfum við siðferðislega skyldu gagnvart komandi kynslóðum.“



## Mikil aukning í losun frá stóriðju

Á Íslandi jókst losun gróðurhúsalofttegunda frá iðnaðarferlum um 106 prósent milli 1990 og 2016 sem fyrst og fremst er rakið til uppbyggingar stóriðju.

Losun frá stóriðju fellur ekki undir beinar skuldbindingar stjórnvalda í loftslagsmálum heldur undir evrópskt viðskiptakerfi með losunarheimildir. Stefni er að 43 prósent minnkun á heildarlosun innan kerfisins til 2030 miðað við losun 1990. Samkvæmt áætluninni mun Ísland taka þátt í breyttu viðskiptakerfi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra, segir að þótt stóriðja falli ekki beint undir skuldbindingar stjórnvalda geti hún tekið þátt í kolefnishlutleysi. „Ég hvet stóriðjuna til að gera það og hlakka til að sjá hana taka skref í þá átt líkt og aðrar greinar.“

umhverfisráðherra, segir það sérstaklega ánægjulegt að allir ríkisstjórnarflokkarnir fylki sér á bak við aðgerðir í loftslagsmálum. „Með þeim aðgerðum sem við erum að boða erum við í rauninni að taka fyrstu skrefin í að umbylta samgöngukerfinu okkar.“

Hann segir að skilaboðin til almennings og atvinnulífsins séu þau að bjóða þeim með í þessa vegferð. „Það er grundvallaratriðið, einhvers staðar þurfa stjórnvöld að byrja. Lykilatriði í þessu er fjármagn-ið sem við setjum í þetta og að við erum að taka heildstætt á loftslagsmálum og horfa á alla geira samfélagsins.“ [sigfatur@frettabladid.is](mailto:sigfatur@frettabladid.is)

jeep.is

MÁN ÞRI MIÐ FIM FÖS LAU SUN

**JEEP GRAND CHEROKEE SUMMIT SIGNATURE**  
**JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.**  
**1.000.000 KR. AFSLÁTTUR. TILBOÐSVERÐ 11.930.000 KR.**

DÍSEL 3.0L 250 HÖ, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING, LÁGT DRIF. FULLT VERÐ 12.930.000 KR.  
 AUKAHLUTIR Í VERÐI: MÁLMILITUR, AÐEINS 3 BÍLAR Í BODI. HLAÐINN BÚNAÐI M.A.: 19 HÁTALARA HLJÓMTÆKI, BLU-RAY DVD, SIGNATURE LEDURINNRETTING, PANORAMA SÓLLUGA, LOFTPÚÐAFJÓDRUN, FJARLÆGDASTYRDRUR HRADASTILLIR O.M.F.L.

**ÍSABAND**  
 ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BILAUMBOD

UMBODSADILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
 WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16  
 LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. AGÚST

**Jeep**  
 THERE'S ONLY ONE



DRÖGUM Í KVÖLD

70

MILLJÓNIR

FYRIR EINN HEPPINN MIÐAEIGANDA  
Í MILLJÓNAVELTUNNI



HAPDRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tryggðu þér miða á [hhi.is](http://hhi.is)

# Svandís ráðstafar 25 milljónum í aðgerðir gegn sjálfsvígum

**HEILBRIGÐISMÁL** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að veita 25 milljóna króna framlag til að hrinda í framkvæmd verkefnum sem lögð eru til í aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi. Svandís tilkynnti um ákvörðun sína á málþingi sem haldið var í tilefni Alþjóðadags sjálfsvígsforvarna í gær.

Visaði ráðherra til nýttgefningar skýrslu Embættis landlæknis sem fjallað var um í síðasta helgarblaði Fréttablaðsins. Þar koma fram sláandi tölur. Meðal annars að um níu prósent ungmenna á Íslandi hafa gert tilraun til sjálfsvígs.

Svandís fjallaði um framkvæmd geðheilbrigðisáætlunar til ársins 2020 og um mikilvægi þess að þjónustan sneri að einstaklingunum, væri samfelld og aðgengileg, bæði í skólakerfinu og í heilsgæslunni, þar sem auka megi áherslu á þverfaglega samvinnu og aukna þjónustu sálfræðinga.

„Búseta má ekki koma

**Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra**



í veg fyrir að hægt sé að nýta sér geðheilbrigðisþjónustu og efnahagur má heldur ekki vera hindrun. Geðheilbrigðismálin mega ekki mæta afgangi og eru gríðarlega mikilvægur þáttur í góðu samfélagi,” sagði Svandís meðal annars.

Þá kvað hún mikilvægt að gera sálfræðiþjónustu stærri hluta af opinbera heilbrigðiskerfinu með fjölgun sálfræðinga

innan heilsgæslunnar. Þá ræddi hún fjölgun geðheilsuteyma við heilsgæslustöðvarnar í samstarfi við sveitarfélögin og ákvörðun um að setja slík teymi á fót í þeim landslutum þar sem þau eru ekki fyrir hendi.

Í áætlun starfshóps embættisins eru lagðar til yfir 50 aðgerðir sem ná meðal annars til almennra samfélagslegra aðgerða eins og að efla uppeldisskilyrði barna, auka geðrækt í skólastarfi og sinna áfengis- og vímuefnaförvörnum, en einnig eru þar lagðar til sértekar aðgerðir sem beinast að tilteknum áhættuhópum. „Ég mun beita mér fyrir því að

**» Árið 2016 sögðust 350 drengir og 613 stúlkur hafa gert tilraun til sjálfsvígs einhvern tíma á ævinni.**

Úr nýrri skýrslu Landlæknis um sjálfsvígsþugsanir og -tilraunir íslenskra ungmenna

aðgerðaáætlun starfshópsins verði hrint í framkvæmd. Í því skyni hef ég tekið sérstaka ákvörðun um að 25 milljónir muni renna strax í það mikilvæga verkefni,” sagði Svandís í ávarpi sínu. – **osk**

## Lyfjaútboð verður kynnt í Danmörku

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrirhugað sam-eiginlegt lyfjaútboð Danmerkur, Íslands og Noregs verður kynnt í Kaupmannahöfn þann 28. september. Um tilraunaverkefni er að ræða en málið hefur verið til umræðu um árabíl. Frá þessu er sagt á vef Stjórnarráðsins.

Þjóðirnar vonast til þess að með stærri markaði muni skapast samlegðaráhrif. Þau muni síðan leiða til þess að hagkvæmni aukist, lyfjaverð lækkir og að framboð lyfja í löndunum verði tryggt. – **joe**

## Ma yfirgefur Alibaba Group

**VÍÐSKIPTI** Jack Ma hyggst hætta sem stjórnarformaður Alibaba Group, félagsins sem rekur netverslanirnar Alibaba.com og AliExpress.com, í september 2019. Framkvæmdastjórninn Daniel Zhang mun taka við starfinu en Ma mun sitja í stjórn til 2020.

Ma er sagður ætla að einbeita sér að mannúðarstörfum. Í tilkynn-



**Jack Ma, stofnandi Alibaba Group.**

ingu sem hann sendi fjölmiðlum í gær sagði hann að Zhang væri stórkostlegur leiðtogi og að undir hans stjórn hefði Alibaba vaxið síðustu þrettán ársfjórðunga samfleytt.

Fyrirtækið stofnaði Ma árið 1999 og hefur ör vöxtur þess leitt til þess að Ma varð einn ríkasti maður í heimi. – **þea**

# Dæmi um sáramyndun og slæm áhrif á velferð vegna lúsar


Laxeldisfyrirtæki hafa í fjórum tilvikum notað lúsaeitur, bæði til að baða laxfiska sem og að gefa þeim lyfja-fóður, frá árinu 2017. Dæmi eru um mjög lúsugan fisk og hefur lúsinn haft neikvæðar afleiðingar á velferð dýranna. Sár farin að myndast á sumum þeirra. Nýsmit þýða að lús hafa náð að fjölga sér og smita út frá sér.

**FISKELDI** Frá árinu 2017 hafa íslensk fiskeldisfyrirtæki, sem rækta fisk sinn í sjó, óskað fjórum sinnum eftir leyfi Matvælastofnunar (MAST) til að nota lúsaeitur til meðhöndlunar á fiski sínum. Dæmi eru um að allur fiskur hafi verið alvarlega lúsugur í kvíum laxeldisfyrirtækja þar sem sár hafi verið farin að myndast á fisknum sem hafi haft áhrif á hann. Þetta kemur fram í gögnum MAST um lúsasmit í íslensku sjókvíaelði. Fréttablaðið óskaði eftir gögnum sem fyrirtækin sendu MAST og fisksjúkdómanefnd þegar þau óskuðu eftir leyfi til að nota lúsalyf til meðhöndlunar.

Af þessum fjórum umsóknum hefur Arnarlax óskað þrisvar sinnum eftir því að meðhöndla lax hjá sér. Þann 3. mars 2017, og tvisvar í maimánuði vegna lúsar á tveimur svæðum fyrirtækisins. Bréf dýralækna sýna að velferð laxanna hafi verið í hættu í mörgum tilvikum þar sem fiskurinn hafi verið mjög lúsugur ofan á þá staðreynd að hann hafi verið nýrnaveikur.

Í bréfi Arnarlax til MAST þann 13. júní síðastliðinn segir að fyrirtækið telji „... miklar líkur á að fjölgun lúsar geti haft mjög neikvæð áhrif á fisk sem er BKD-smitaður [nýrnaveikur]. Lús í miklum mæli er streituveldandi og getur orsakað þess vegna mikil afföll.“

Arctic Sea Farm óskaði í október á síðasta ári eftir því að fá að nota lyfjafóður til að drepa lús hjá sér.



Gögn frá Matvælastofnun um lúsasmit í laxi í íslensku sjókvíaelði.

**Neikvæðra áhrifa fiskilúsar er nú þegar farið að gæta og seiðin pola illa það aukna álag sem fylgir fiskilús.**

Úr bréfi eftirlitsdýralæknis MAST eftir heimsókn í Arctic Sea Farm

**Merki eru um nýsmit sem þýðir að þær lús sem hafa lifað af veturinn og vorid hafa náð að fjölga sér.**

Úr eftirlitsskýrslu eftirlitsdýralæknis MAST eftir heimsókn til Arnarlax

Sigríður Gísladóttir, eftirlitsdýralæknir MAST, kannaði stöðuna og sendi í því tilefni bréf til yfirmanna sína. „Undanfarnar vikur hefur borid mikið á lúsasmiti af völdum fiskilúsar sem veldur seiðum ákveðnum óþægindum og hefur neikvæð áhrif á velferð þeirra. Um er að ræða seiði sem voru smitúð af nýrnaveiki við útsetningu sem hefur áhrif á getu þeirra og mótstöðuaf gegn sýkingum líkt og fiskilúsarsmiti,” segir í bréfi Sigríðar. „Neikvæðra áhrifa fiskilúsar er nú þegar farið að gæta og seiðin pola illa það aukna álag sem fylgir fiskilús. Á þeim fiski sem skoðaður var í dag sáust einnig merki um sáramyndun og ofan á haus fiska sást þynning á slimplagi.“

Sömu sárásögu sagði Sigríður frá í könnunarleiðangri til Arnarlax þann 19. júní. „Heldur [er] að bæta í lúsasýkinguna á stöðinni. Merki eru um nýsmit sem þýðir að þær lús sem hafa lifað af veturinn og vorid hafa náð að fjölga sér og smita innanhúss í stöðinni,” segir Sigríður í eftirlitsskýrslu sinni. „A fiskinum í kví 5 þar sem meðaltalið var tæpar 10 lús [á hverjum fiski] var farið að bera á rofi í slimplagi (yfirborðið verður hrjúft[...]) sem er þá fyrsta stig í sáramyndun. Um leið og sáramyndun hefst og jafnvel aðeins fyrr, myndast ójafnvægi í osmósajafnvægi fisksins sem hefur svo áhrif á alla hans heilsu.“ **sveinn@frettabladid.is**

Tryggðu öryggi fjölskyldunnar og  
#keyrðueinsogkona



Way of Life!

# SUZUKI SWIFT

## BÍLL ÁRSINS

### Í FLOKKI SMÆRRI FÓLKSBÍLA

KOMDU  
OG PRÓFAÐU  
SWIFT

HANN FÆR ÞIG TIL AÐ  
BRÓSA



2018 **RJC**  
CAR OF THE YEAR

BANDLAG ÍSLENSKRA  
BÍLL  
ÁRSINS  
2018  
BÍLABLAÐAMANNA

VERÐ FRÁ KR.  
▶ **2.160.000**

KÍKTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR MARGVERÐLAUNAÐAN  
SUZUKI SWIFT.

SUZUKI SWIFT ER FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR, BEINSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN.

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)



FLUTT MEÐ  
**EIMSKIP**

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Bachelet hjólar beint í Kína í fyrstu ræðu sinni í nýju starfi

**SVISS** Michelle Bachelet, nýr mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna, nýtti fyrstu ræðu sína í nýju starfi í gær til að kalla eftir því að kínverska ríkisstjórnin heimilaði eftirlitsmönnum að rannsaka ásakanir um að Kinverjar héldu allt að milljón Uyghurum gegn vilja sínum í heilabjottarbuðum í Xinjiang.

Ræðan fylgir í kjölfar tveggja skýrslna um málið. Mannréttindaráðið birti skýrslu um málið í lok síðasta mánaðar og svo birti Mannréttindavaktin (HRW) langa skýrslu á sunnudaginn. „Kínverska ríkisstjórnin er að fremja mannréttindabrot í Xinjiang á skala sem hefur ekki sést þar í landi í áratugi,“



Michelle Bachelet, mannréttindastjóri SP.

sagði Sophie Richardson, yfirmaður Mannréttindavaktarinnar í Kína, á sunnudag.

Bachelet, áður forseti Síle, sagði að rannsóknarnefnd SP hefði sett fram alvarlegar ásakanir á hendur Kinverja. „Ég hef sjálf verið í haldi af pólitískum ástæðum og er dóttir pólitískra fanga. Ég hef verið bæði

flóttamaður og læknir, meðal annars barna sem þurftu að þola pyntingar,“ sagði Bachelet í ræðu sinni.

Hún lýsti einnig yfir áhyggjum sínum af því að 500 börnum sem innflytjendamályfirvöld í Bandaríkjunum tóku af foreldrum sínum hafi ekki enn verið skilað til fjölskyldna sinna. – þea

## Hundruð þúsunda ætla að mótmæla

**SPÁNN** Rétt tæplega hálf milljón Katalóna hefur skráð sig til þátttöku í fjöldamótmælum sem fram fara á þjóðhátíðardegi Katalóna í dag. Frá þessu greindi Assemblée Nacional Catalana (ANC), samtök sjálfstæðisinnna, í gær. Elisenda Paluzie leiðtogi samtakanna sagði í viðtali við katalónska héraðsútvarpið í gær að þar að auki hefðu 270.000 keypt sér boli merka atburðinum og að 1.500 rútur hefðu verið teknar á leigu til að ferja skarann.

# 440

þúsund hafa boðað komu sína á mótmæli í Katalóníu.

Þetta verður fyrsta þjóðhátíð Katalóníu frá atburðinum síðasta haust. Þá lýsti héraðsstjórnin yfir sjálfstæði eftir umdeilda atkvæðagreiðslu sem hæstiréttur Spánar úrskurdaði ólöglega. Ráðherrar héraðsstjórnarinnar og forsetinn voru ákærðir í kjölfarið, forsetinn flúði land með nokkrum ráðherrum en aðrir eru enn í varðhaldi og bíða réttarhalda.

Markmið mótmælanna, að sögn skipuleggjenda, er að vekja athygli heimsbyggðarinnar á ástandinu í katalónskum stjórnmálum. Lögmennt nokkur ráðherra verða á meðal þeirra sem halda ræður. – þea

Hvorki vinstri- né hægri-blokkinn í Svíþjóð fékk meirihluta þingsæta vegna velgengni Svíþjóðardemókrata. Boði Svíþjóðardemókrata um viðræður var hafnað.

**SVÍÞJÓÐ** Enginn skýr meirihluti er á sænska þinginu eftir kosningar sunnudagsins. Vinstriblokkinn, undir forystu Stefans Löfven forsætisráðherra og Jafnaðarmannaflokks hans, fékk 144 þingsæti. Þar af fékk Jafnaðarmannaflokkurinn 101 en hafði 113. Bandalagið, undir forystu hægri-flokksins Moderaterna og formanns hans, Ulf Kristersson, fékk 143 sæti. Þar af fengu Moderaterna 70 en höfðu 84. Hvorug þessara tveggja stóru blokka sænskra stjórnmála getur því myndað meirihluta á 349 sæta þingi.

Astæðan fyrir þessari pattstöðu er stórsókn þjóðernishyggjuflokks Svíþjóðardemókrata sem bætti við sig þrettán þingsætum og fékk 62 sæti og 17,6 prósent atkvæða. Sigur Svíþjóðardemókrata var þó minni en stefndi í um mánaðamót þegar þeir mældust mest með 24,8 prósentu fylgi. Hvorug blokka vill vinna með Svíþjóðardemókrötum, sem eiga rætur sínar í sænskum hreyfingum fasista, nýnasista og hvíttra þjóðernissinna.

Allir flokkar vilja koma að myndun ríkisstjórnar. Ahrifamenn innan Jafnaðarmannaflokksins sögðu í



Forsíður sænsku blaðanna segja allt sem segja þarf um óljóst framhald eftir kosningarnar. NORDCIPHOTOS/AFP

gær að stærsti flokkurinn, Jafnaðarmannaflokkurinn, ætti að fá forsætisráðuneytið.

Bandalagsmenn hafa farið fram á að Löfven segi af sér enda tapaði flokkurinn fylgi. Gunnar Strömmer ritari Moderaterna var einn þeirra sem fóru fram á slíkt í viðtali við sænska ríkissjónvarpið, SVT, í gær.

Jafnaðarmannaflokkurinn hefur verið með forsætisráðuneytið frá kosningum 2014 í minnihlutastjórn með Græningjum. Flokkarnir hafa notið stuðnings Vinstriblokksins.

Leiðtogar flokka Bandalagsins funduðu í gær. Jan Björklund, leiðtogi Frjálslynda flokksins, sagði á Twitter að markmiðið væri að skipta um ríkisstjórn. Upplýsingafulltrúar vinstriblokkarinnar vildu ekki upplýsa SVT um hvort leiðtogar þeirra flokka væru að funda en sögðu „eitthvað í gangi“.

Svíþjóðardemókratar buðu Moderaterna og Kristilegum demókrötum, ihaldssamari flokkum Bandalagsins, til viðræðna í gær. Fyrirnefndur Strömmer sagði hins

vegar að flokkurinn ætlaði sér ekki að vera í sambandi við Svíþjóðardemókrata. Undir það tóku Kristilegir demókratar.

Framhaldið er óljóst. Ef blokkirnar tvær standa við gefin loforð um að vinna ekki með Svíþjóðardemókrötum mun annaðhvort þurfa minnihlutastjórn eða brúa bilið á milli hægri og vinstri. Löfven virtist gefa hið síðarnefnda í skyn á kosninganótt. Hann sagði niðurstöður markaða endalok blokka-pólitíkur. thorgnyr@frettabladid.is

## NÝR FORD TRANSIT CUSTOM

– Betri en nokkru sinni

Ford Transit Custom er þekktur fyrir einstakan búnað, endingu og hagkvæmni. Með nýrri kynslóð bætir Ford enn í og gerir Transit Custom enn betri. Hinn nýi Ford Transit Custom er ríkulega búinn m.a. olíumiðstöð með tímastilli, upphitanlegri framrúðu, aksturstölvu, Easy fuel eldsneytisáfyllingu, upphitanlegu ökumannssæti, spólvörn, ESP stöðuleikakerfi, brekkuaðstoð og 14 geymsluhólfum í innréttingu.

FORD TRANSIT CUSTOM KOSTAR FRÁ:

**2.895.000** KR. ÁN VSK.

3.590.000 KR. MEÐ VSK.

FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR



Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



ford.is

KOMDU OG TRYGGÐU ÞÉR  
FORD TRANSIT!  
EIGUM BÍLA TILBÚNA TIL  
AFHENDINGAR STRAX.



# Baðinnréttingar



Til afgreiðslu af lager

Opið virka daga frá 9 til 18  
laugardaga 11 til 15  
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**



# SKOÐUN

## Verkefni kynslóðanna



Kjartan Hreinn Njálsson  
kjartanh@frettabladid.is

**A**ðgerðaáætlun í loftslagsmálum til ársins 2030, sem forsætisráðherra og sex aðrir ráðherrar kynntu í gær, mun vafalaust marka viss þáttaskil í málaflokknum á Íslandi. Þörf var á metnaðarfullri áætlun sem tekur af allan vafa um að yfirvöld hér á landi hafi vilja og getu til að horfast í augu við breytta tíma. Aðgerðaáætlunin ber vitni um þennan metnað og gefur tóninn fyrir þau krefjandi verkefni sem ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og almenningur þurfa að takast á við á næstu áratugum.

Áætlunin byggir bæði á aformum um kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040 og á skuldbindingum landsins gagnvart alþjóðlegum samþykktum sem þjóðir heims hafa sameinast um. Aform ríkisstjórnarinnar eru tiltekin í 34 atriðum sem eiga að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og aukinni kolefnisbindingu úr andrúmslofti.

Markmiðin eru einföld og skýr, en í framkvæmd útheimta þau margþætt og flókið átak. Átak sem krefst þess að við horfum lengra en fjögur ár fram í tímann, átak sem er dauðadæmt án vilja til að styðja við nýsköpun og framfarir í vísindum. Þetta er átak sem þarfnast bæði efnahagslegra hvata og aukinnar vitundar um ósejandi neyslu okkar. Verkefni þetta er okkar kynslóðar að móta og yta úr vör, þeirra næstu að halda á lofti og framfylgja, og afkomenda þeirra að bæta og efla, á sama tíma og þau takast á við afleiðingar losunar okkar og forvera okkar.

Í aðgerðaáætluninni er að finna vísi að þessu mikla kynslóðaverkefni sem felst í því að stemma stígu við losun. Og sem upphafspunktur á slíkri vegferð er hún til fyrirmyndar.

Hins vegar er engin þjóð eyland í loftslagsmálum. Núverandi og yfirvofandi breytingar á veðurfari plánetunnar þekkja engin landamæri. Á næstu áratugum verður það ekki umflúið að aðlagast loftslagsbreytingum og hér á landi hefur ekki verið unnin heildstæð stefnumótun um slíka aðlögun. Slíkt þarf að gera sem fyrst, ekki aðeins vegna óvissu um áhrif loftslagsbreytinga á mikilvæga innviði landsins, heldur einnig vegna þess að samlegðaráhrif aðlögunar og samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda geta verið mikil.

Um miðbik þessarar aldar munu allir jarðarbæra finna fyrir áhrifum loftslagsbreytinga, ýmist beint eða óbeint. Fátækustu þjóðirnar munu finna mest fyrir áhrifunum, einmitt þjóðirnar sem minnsta ábyrgð bera á losuninni.

Það verður aldrei nóg að einblína á áskoranir sem rúmast innan tiltekinna landamæra. Okkur ber síoferðileg skylda til að aðstoða þau sem ekki geta verndað sig fyrir loftslagsbreytingum. Og það er ekki síður mikilvægt verkefni kynslóðanna en markmið um minni losun.

### Halldór



### Frá degi til dags

#### Uppvakningahlaup

Karen Kjartansdóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, er annaðaust langhlaupari. Hún skrifaði á sínum tíma leiðbeiningabókina Út að hlaupa, ásamt Elisabetu Margeirsdóttur, og mælir með hlaupa-appinu Zombies Run sem gengur út á að fólk hlaupi sem það sé með uppvakningu á hælunum. Hvort úthald þeirra sem Karenar biður að yta í gang reynist meira en dauðfyllislegs keppnisliðs meirihlutans á eftir að koma í ljós en reikna má með góðum sprettum þegar Samfylkingarliðið fer út að hlaupa.

#### Rétturinn til að þegja

Stjórnlagaráðsfolk og aðrir sem telja sig illa svikna eftir stjórnarskrárskollaleik eftirhrunsáranna hefur verið óþreyntandi í raðu og riti að minna á sig og stjórnskrárana sem aldrei varð. Stjórnskrárfélagið og Samtök kvenna um nýja stjórnskráráætla að minna þingheim á máli við setningu Alþingis í dag. Nú verður hins vegar breytt um meðul þar sem mótmælin verða þögl. Enn sitja margir á þingi og jafnvel í ráðherrastólum sem höfðu beina aðkomu að staðdeygingu og síðar svæfingu nýju stjórnskrárinna og sjálfsagt prisa mörg þeirra sig sæl með að í þetta sinn munu mótmælendur nýta rétt sinn til að þegja. Stjórnskrárvarinn, væntanlega. thorarinn@frettabladid.is

## Er kerfið að verja laxeldisfyrirtæki?



Bubbi Morthens  
tónlistarmaður

**L**axeldisfyrirtækið Arnarlax virðist njóta velvildar í stjórnsýslunni og þarf ekki að fara að lögum. Tveir landeigendur hafa ítrekað kvartað vegna þess sem þeir telja vera brot á starfsleyfi fyrirtækisins en þeir fá engin svör frá Umhverfisstofnun.

Arnarlax tæmdi sjókvíar 7. mars síðastliðinn og hóf útsættingu seiða þar á ný 6. júní. Þó segir starfsleyfið að eldissvæðið skuli hvíla í það minnsta sex til átta mánuði.

Hvorki virðist vera deilt um brotin af hálfu Umhverfisstofnunar né Arnarlax. Hvað veldur því að Arnarlax hagar sér ekki samkvæmt starfsleyfi? Umhverfisstofnun virðist telja þetta smámál, að manni sýnist. Þeir sendu að vísu áminningu til fyrirtækisins 16. júlí en hvað gerðist svo? Ekkert. Einfaldlega ekkert annað en það að í Umhverfisstofnun virðist vera ósýnileg lína sem kemur einhvers staðar frá og segir að Arnarlax skuli láttinn í friði.

Mengunin sem kemur frá þessum kvíum er rosalet og hefur gríðarleg áhrif á lífríkið, þess vegna er kveðið á um að það þurfi að hvíla svæðið í átta mánuði. Það er til þess að lífríkið í firðinum geti jafnað sig.

Í úrbótaáætlun frá Arnarlaxi kemur fram að þeir vilji undanþágu frá tilskildum hvíldartíma svæðisins og biðji um að hann verði að lágmarki 90 dagar en ekki átta mánuði. Ekki kemur fram þar sem þess vegna þeir kjósa að fara ekki eftir því sem þeim ber að gera.

Svona gera menn þetta kannski í Noregi en þetta á ekki að gerast hér. Og á meðan þeir hjá Arnarlaxi segja að þessi fyrirsurn sé í vinnslu segir Umhverfisstofnun að ekkert hafi komið inn á borð til þeirra um undanþágu og sendir skilaboð til norsku eiddanna: Það er allt í góðu að brjóta hér reglur.

Þetta er algjörlega óþögl stjórnsýsla og vita-verðir stafshættir sem skaða íslenska náttúru.

Í aðgerða-áætluninni er að finna vísi að þessu mikla kynslóðaverkefni sem felst í því að stemma stígu við losun.

HITTA OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

**KING KOIL**  
**FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN**  
GRÆDI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018

**40% AFSLÁTTUR**  
AF KING KOIL RÚMUM

**Queen**  
13.693 kr. á mánuði\*

**KING KOIL ALPINE PLUSH**  
Hágæða Amerískt hellsurúm með milliálfu fimm svæða skötu þoka gorma kerfi, mjúkur toppur og steyptir kenjar, ásamt botni og fötum.

**King**  
18.816 kr. á mánuði\*

Stærð Queen (153x203 cm) AFMELISVERÐ **154.070 kr.**  
13.693 kr. \* á mánuði með fríveitingu  
Fullt verð 256.783 kr.

Stærð King (190x203 cm) AFMELISVERÐ **213.459 kr.**  
18.816 kr. \* á mánuði með fríveitingu  
Fullt verð 355.765 kr.

120 ÁRA (1898-2018)

**rekkjan**  
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955  
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

# Samtal um kynferðisofbeldi



Bjarni Karlsson prestur



**Ég er að segja annað. Ég efast um gagnið af aðferð DV vegna þess að hún gengur að mínum dómi ekki nógu langt.**

Ég vil þakka tvær svargreinar sem komið hafa við skrifum mínum um nauðgunarmenningu. Þóra Kristín Þórsdóttir skrifaði fyrir hönd Kvinnahreyfingarinnar og svo einnig Guðrún Ebba Ólafsdóttir ásamt Kristínu I. Pálsdóttur. Það er ekki vanþörf á samtali.

Í báðum greinum er lýst þeirri hugsun að e.t.v. séu skrif mín sett fram kynbræðrum og stéttarbræðrum mínum til varnar. Það skil ég vel þar sem ég er, jú, miðaldra karlprestur og DV hefur nýlega verið með stóran greinaflokka undir heitinu Syndir kirkjunnar. Eins er rétt að taka fram, svo alls gagnsæis sé gætt, að einn þeirra sem til umfjöllunar hafa verið hjá DV, Helgi Hróbjartsson, var móðurbróðir minn. Mér er því vandi á höndum að fjalla um þessi mál.

Í báðum greinum er mér borið á brýn að ég telji ljótt af DV að fara í skammfarherferð gegn nafngreindum gerendum í kynferðisbrotamálum. Ég er að segja annað. Ég efast um gagnið af aðferð DV vegna þess að hún gengur að mínum dómi ekki nógu langt. Ég tel einmitt að það eigi að gera það sem DV er

að gera; nafngreina opinberlega og afhjúpa gerendur á forsendum þolenda með hagsmuni þolendanna fyrir augum. En það þarf meira.

Ég hef lært það sem manneskja og líka í samtölum við þolendur og gerendur ofbeldis sem prestur í áraráðir að kjarni og inntak ofbeldis er skömm sem er lifuð sem sterk líkamleg tilfinning. Og með því að lýsa ofbeldisverkuðum með þeim orðum að þar sé skömm færð úr einum líkama yfir í annan kemst maður betur í tengsl við veruleika ofbeldisins í eigin lifi og verður færari um að horfa á það og viðurkenna það sem þolandi eða gerandi eða ástvinur. Þess vegna nota ég þetta orðalag.

Önnur leið til að lýsa ofbeldi er sú að tala um það sem stjórnun með stjórnleysi. Ofbeldi er nefnilega ekki bara stjórnleysi heldur skipulagt stjórnleysi. Við huggum okkur gjarnan með því að útmála gerendur sem brjálað folk og hyllumst til að skilgreina þá sem framandi fyrirbæri. Það hjálpar ekki. Ofbeldi er aðferð í samskiptum sem virkar og er þ.a.l. útbreidd. Gerendur í ofbeldismálum vita almennt hvað þeir eru að gera. Þess vegna þarf að skila skömminni.

Ég bendi hins vegar á að það dugar ekki að skila skömminni og láta þar við sitja. Við verðum að finna leiðir til þess að auka kynferðisöruggi í samfélaginu og fækka kynferðisglæpum því kynferðisofbeldi er eins og kjarnorkusprengr; geislunaráhrifin eru endalaus. Hvernig fækum við afbrotum? Ekki með því að sýna ofbeldinu skilning heldur með því að skilja hvernig það virkar og finna leiðir til að halda gerendum ábyrgum.

Ég vil meina að hugmyndin um að refsa gerendum í kynferðisglæpamálum með opinberri og endanlegri útlögun sé vond vegna þess að hún viðheldur hinn langþróuðu skammarmenningu sem fúðrar ofbeldið. Aðferð unga snapparans sem „afgreiddi þerrann“ á bilastæðinu um daginn og farið hefur sem eldur í sínu um samfélagsmiðlana er ófgafull afurð þess hugarfars. Ég er sammála Þóru Kristínu þegar hún vill að við krefjumst „þess af gerendum að þeir leiti sér hjálpar, fari í gagnera sjálfsvinnu, til að þeir beiti ekki fleiri ofbeldi í einhverju formi og í tilfelli réttarkerfisins [þurfi] að skylda þá til þess“. Þetta er nákvæmlega það sem iðrun, yfirbót og hugsanleg fyrirgefning er um. Ofbeldið sjálf verður aldrei fyrirgefið eða réttlætt. Gerendur þurfa leiðbeiningu við að sýna viðeigandi iðrun og yfirbót og þeir verða jafnframt að vita að samfélagið muni ekki refsa þeim með eillifri útlögun heldur fái þeir viðeigandi rými þegar þar að kemur eftir eðli máls. Ef sá dagur síðan kemur í lifi þolanda að persóna gerandans og

ofbeldisatburðurinn hefur ekki lengur vald á lifi hans, m.a. vegna þess að vel og faglega var á málum tekið, þá getur verið að hann segi að hann hafi fundið frið gagnvart málinu eða að hann sé búinn að fyrirgefa ofbeldismanni sínum. En oftast segir fólk einfaldlega „ég er bara ekkert að hugsa um þetta lengur“. Fyrirgefning er alltaf á forsendum og valdi þolandans. Og já, Guðrún Ebba og Kristín, sumum getur Guð einn fyrirgefið.

Framganga DV er í mínum huga mælir á getuleysi samfélagsins þar sem ofbeldismál hafa fengið slæma afgreiðslu og stofnanir eins og þjóðkirkjan oft verið svifaseinar og í vörn þannig að þolendur, gerendur og ástvinir hafa lifað mikla berskjöldun. Þess vegna hringsóla persónur og leikendur á sviði þjáningarinnar og sögurnar eru bara sagðar upp aftur og aftur án þess að fullnægjandi úrvinnsla eigi sér stað. Það er ljótt og því þarf að breyta.

## evapolar



**Þín eigin skrifborðskæling!**

Kæli-, raka- og lofthreinsitæki, allt í einu tæki. Kynningarverð aðeins kr. 37.227 m.vsk.

# KOLEOS

Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn og sparneytinn.



**RENAULT**  
Passion for life



Renault Koleos, verð frá: 5.590.000 kr.

Staðalbúnaður í Koleos er m.a.: Virkur neyðarhemlunarbúnaður, Akreinavari, umferðarskiltaskynjun með viðvörðun, aðalljós sem beygja um leið og beygt er, LED stöðuljós með „Follow Me Home“ búnaði, leiðsögukerfi með Íslandskorti, R-Link margmiðlunarkerfi, Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin í reynsluakstur.

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bilasalan Bílas  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



+PLÚS



Örvhenta skyttan Hafþór Már Vignisson skoraði fimm mörk fyrir Akureyri.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
AÐUNN

## KA vann slaginn um Akureyri

KA vann Akureyri í gær með minnsta mun, 28-27, í fyrsta Akureyrarslagnum í efstu deild síðan 2006. Bæði þessi lið eru nýliðar í Olis-deild karla. Fullt var út úr dyrum í KA-heimilinu og stemningin minnti um margt á gamla tíma. Auðunn Niélsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, var í KA-heimilinu og tók þessar myndir.



Anton Gylfi Pálsson gefur Leonid Mykhailiutenko, leikmanni Akureyrar, rauða spjaldið.



Dómari! Sigbór Árni Heimisson vill fá eitthvað fyrir sinn snúð.



Um 800 manns fylltu KA-heimilið.



Það var hart barist í leiknum, enda mikið undir í Akureyrarslagnum.

# Vilja endurheimta stoltið

